

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps í Akraneskaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphreinsunar- og sorpeyðingargjald.

2. gr.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

- 2.1 Íbúðir, íbúðarhúsnæði greiða kr. 8.990 á íbúð vegna hvernar sorptunnu í sorphreinsunargjald. Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna.
- 2.2 Íbúðir, íbúðarhúsnæði greiða kr. 10.200 á íbúð vegna hvernar sorptunnu í sorpeyðingargjald.
- 2.3 Húsfélög geta fengið 660 l eða 1.100 l sorpílát án endurgjalds. Endurnýjun sorpílata er á kostnað húseigenda.

Gjöldin innheimtast með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 9/2008.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 18. desember 2008.

Akranesi, 18. desember 2008.

Gísli S. Einarsson bæjarstjóri.